

Umsókn um gjaldalækkun vegna akstursþjónustu fyrir eldra fólk

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Nafn maka, ef við á

Kennitala maka

Umsækjandi, og eftir atvikum maki hans, votta að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Umsækjandi og maki hans skuldbinda sig til þess að láta vita um breytingar sem hafa áhrif á mat á þjónustu, s.s. breytingar á högum þeirra, tekjum eða greiðsluhlutdeild kostnaðar við akstursþjónustu.

Umsækjandi, og eftir atvikum maki hans, samþykkja að upplýsingar um tekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá síðasta tekjuárs verði sóttar rafrænt frá Skattinum. Umsækjandi og maki hans samþykkja einnig að upplýsingar verði sóttar rafrænt frá Tryggingastofnun um hvort þau hafi fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun og/eða njóti bensínstyrks. Upplýsingarnar verða skráðar í gagnagrunn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Verði umsókn samþykkt verður upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang umsækjanda og póstnúmer, miðlað áfram til framkvæmdaraðila akstursþjónustu. Upplýsingunum verður ekki miðlað annað án samþykkis umsækjanda.

Persónuupplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar aflar vegna umsóknar þessarar verða unnar og varðveittar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Starfsmenn Reykjavíkurborgar og framkvæmdaraðili akstursþjónustu eru bundnir þagnarskyldu.

Til að geta sannreynt rétt umsækjanda, og eftir atvikum maka, til gjaldalækkunar vegna akstursþjónustu eldri borgara þarf velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að afla framangreindra upplýsinga. Með undirritun umsóknar samþykkja umsækjandi, og eftir atvikum maki hans, rafræna gagnaöflun frá Skattinum og Tryggingastofnun. Einnig samþykkir umsækjandi miðlun upplýsinga um hann til framkvæmdaraðila akstursþjónustu.

Vakin er athygli á fræðslu varðandi vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á bls. 2-3.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift maka

Persónuvernd

Persónuupplýsingar sem óskað er eftir í umsókninni eru í samræmi við X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu eldri borgara í Reykjavík, sem samþykktar voru með breytingum velferðarráðs 15. mars 2018 og á fundi borgarráðs 22. mars 2018 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Persónuvernd

Til þess að geta unnið úr umsókn um gjaldalækkun akstursþjónustu eldra fólks og lagt mat á rétt til gjaldalækkunar vegna akstursþjónustu eldra fólks er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar um þig, og eftir atvikum maka þinn. Unnið er með upplýsingar sem þið látið af hendi. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar og eftir atvikum maka þíns, til að leggja mat á umsókn um gjaldalækkun vegna umsóknar um akstursþjónustu eldra fólks.

Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og þess opinbera valds sem borgin fer með. Verði Reykjavíkurborg ekki veittar umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn um gjaldalækkun.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Unnið er með eftirfarandi upplýsingar:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn umsækjanda kennitölu, heimilisfang, póstnúmer, símanúmer, netfang og nafn maka, kennitölu og fjárhagsupplýsingar, og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi og eftir atvikum maki hans veita framangreindar upplýsingar auk þess sem velferðarsvið Reykjavíkurborg sækir upplýsingar um umsækjanda og maka hans rafrænt til Þjóðskrár. Einnig eru sækir velferðarsvið Reykjavíkurborgar upplýsingar rafrænt til Skattsins og Tryggingastofnunar.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Verði umsókn um akstursþjónustu eldra fólks samþykkt er upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita þá þjónustu sem sótt er um og Reykjavíkurborg hefur aflað í tengslum við umsókn þessa miðlað til framkvæmdaraðila akstursþjónustu eldra fólks. Persónuupplýsingar eru ekki sendar annað án leyfis umsækjanda.

Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila en framkvæmdaraðila akstursþjónustu nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum eða maka þíns utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um akstursþjónustu eldra fólks til varðveislu.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar.

(www.personuvernd.is)